

136

6. júlí

AUGLÝSING

um að út séu gefnir nýir 10 króna bankaseðlar samkvæmt lögum um Landsbanka Íslands.

Stjórn Landsbanka Íslands hefir samkvæmt lögum nr. 10, frá 15. apríl 1928, gefið út handa Landsbankanum 10 króna seðla, með svofelldri nýrri gerð:

Framan á seðlunum er prentað gildi þeirra og er talan tilfærð í bókstöfum, svo og orðin: *Samkvæmt lögum nr. 10, 15. apríl 1928. Landsbanki Íslands.* Eru þessi orð með dökkbláum lit á marglitum skildi, en skjöldurinn á marglitum grunni í bláleitri umgjörð með skrautgreinum á. Fyrir ofan orðin er letrað nafn bankans: LANDSBANKI ÍSLANDS, en undir þeim stendur nafn formanns bankaráðsins og nafn eins af bankastjórunum, og eru nöfnin með rithönd þeirra. Vinstra megin við orðin er prentuð brjóstmynd Jóns Sigurðssonar, en hægra megin er mynd hans sem vatnsmerki í hvítum, kringlöttum reiti. Í öllum hornum er prentuð talan 10, er táknar gildi seðlanna; er hún með mógrænum lit í dökkbláum, ferhyrndum reiti innan við umgjörðina. Aftan á seðlunum er hinn hvíti kringlötti reitur, með mynd Jóns Sigurðssonar sem vatnsmerki í, vinstra megin, en hægra megin er prentuð mynd af Gullfossi í kringlötttri umgjörð, og eru upphafsstafir bankans, „L“ og „Í“, skrautlega dregnir, hvor til sinnar handar. Grunnflöturinn umhverfis er með brugðningum og yzt er umgjörð með skrautgreinum í, en innan við hana talan 10 í hverju horni í kringlöttum skildi með skrautverki umhverfis í ferhyrndum smáreiti. Er bakhliðin öll prentuð með bláum lit.

Hinir eldri seðlar, sem getur um í auglýsingu stjórnarráðs Íslands, nr. 12, frá 24. júlí 1907 og auglýsingu nr. 57, frá 9. júlí 1925, gilda fyrst um sinn jafnframt hinum nýju.

Þetta birtist hérmeð almenningi.

Fjármálaráðuneytið, 6. júlí 1934.

Ásgeir Ásgeirsson.

Torfi Jóhannsson.